

sept. 1862 Þorsteinsdóttir prests á Vogsósum og Þóroddsstað f. 15. nóv. 1809 d. 13. okt. 1865 Jónssonar. Börn: Axel Blöndal, Laufey og Sigrún.

5a Axel Blöndal Hauksson f. í Rvík 11. febr. 1964.

5b Laufey Hauksdóttir f. í Rvík 31. maí 1966.

5c Sigrún Hauksdóttir f. í Rvík 12. jan. 1968.

2c Björn Gunnlaugsson Blöndal f. í Flatey á Breiðafirði 19. sept. 1865 d. á Siglufirði 27. sept. 1927. Læknir. Stúdent í Rvík 4. júlí 1885, cand. med. 28. júní 1889. Settur aukalæknir í Þingeyjarþingi austan Jökulsár og sat fyrst á Raufarhöfn, en frá 1892 á Sævarlandi í Pistilfirði, starfandi læknir á Blönduósi 1899, settur 6. apríl 1900 og skipaður 15. maí 1901, héraðslæknir í Miðfjarðarhéraði frá 1. júní að telja, skipaður að nýju 27. okt. 1908 eftir breytti læknaskipun 1907, lausn 28. júlí 1915 frá 1. sept. að telja. Sat á Hvammstanga. Fluttist til Rvíkur 1915 og síðar til Siglufjarðar. Þýddi ýmsar erlendar bækur. (Læknatal 166–167). K. (21. júlí 1888) Sigríður f. í Rvík 16. marz 1865 d. 25. jan. 1945 Möller. (Mbl. 15. marz 1940 og 7. febr. 1945). For. Carsten examen juris í Khöfn Möller og Ingibjörg Einarsdóttir síðar kaupmanns í Rvík Jónassonar (Jónassens). Börn: Sophus Auðunn, Kristjana, Gunnlaugur Pétur, Sveinbjörn Helgi, Sigríður og Magnús.

3a Sophus Auðunn Björnsson Blöndal f. í Rvík 5. nóv. 1888 d. á Siglufirði 22. marz 1936. Kaupmaður á Siglufirði. Við nám í Verzlunarskóla Íslands 1907–1908 og í Khöfn 1912–1913. Formaður Síldarútvegsnefndar. Ræðismaður Þjóðverja. K. (1. júlí 1916) Ólöf Þorbjörg f. á Siglufirði 10. des. 1894 d. 26. maí 1976 Hafliðadóttir. (Mbl. 3. júní 1976). For. Hafliði hreppstjóri og oddviti á Siglufirði f. 2. des. 1852 d. 12. apríl 1917 Guðmundsson og k. h. (9. apríl 1880) Sigríður f. 5. maí 1855 d. 14. okt. 1932 Pálsdóttir þurraþúðarmanns í Pálsbæ á Seltjarnarnesi Magnússonar. Kona Páls var Oddrún Jónsdóttir frá Sogni í Ölfusi, en Magnús var sonur Páls kembara